

Nefndasvið Alþingis
Efnahags- og viðskiptanefnd

Reykjavík, 11. mars 2022

Efni: Umsögn Landssamtaka lífeyrissjóða (LL) um tillögu til þingsályktunar um staðgreiðslu við innborgun í lífeyrissjóð, 53. mál.


Með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, þann 4. mars sl., var Landssamtökum lífeyrissjóða (LL) send til umsagnar ofangreind tillaga til þingsályktunar, 53. mál.

Af mannfjöldaspá Hagstofu Íslands 2020-2069 má sjá að hlutfall aldraðra mun aukast á komandi áratugum en á sama tíma hægir á fjölgun íbúa á vinnumarkaðsaldri. Hlutfall aldraðra mun þannig aukast verulega umfram fjölda fólks á vinnumarkaði. Með fjölgun aldraðra sem jafnframt lifa lengur en áður munu útgjöld til framfærslu, heilbrigðismála og langtímavistunar óhjákvæmilega aukast. Því liggur fyrir að verði iðgjald til lífeyrissjóða skattlagt við innborgun verða tekjur ríkisins hlutfallslega hærri nú en í framtíðinni þegar hlutfallslega færri verða á vinnualdri. Því má ætla að enn meiri þörf verði fyrir nýtingu skattstofnsins í framtíð en nú er.

Á Íslandi er ríkjandi svokallað EET-kerfi þar sem iðgjöld eru óskattlögð, fjármagnstekjur óskattlagðar en fullur tekjuskattur greiddur við útborgun lífeyris. Fyrir sjóðfélaga skiptir ekki sköpum hvort iðgjöldin eru skattlögð við inngreiðslu svo fremi sem tryggt verður að lífeyrisgreiðslur verði óskattlagðar. Hins vegar er afar flókið í framkvæmd að breyta skattlagningu eins og hér er lagt til þar sem það myndi kalla á aðgreiningu réttinda eftir því hvort þau eru þegar skattlögð eða ekki. Framkvæmdin yrði afar vandmeðfarin en tryggja yrði að ekki kæmi til þess að sparnaðurinn yrði hvort heldur sem er óskattlagður eða tvískattlagður. Slíkar breytingar yrðu því kostnaðarsamar vegna verulega aukins flækjustigs við utanumhald réttinda og við greiðslu lífeyris.

Íslenska lífeyrissjóðakerfið er eitt af megin styrkleikum íslensks hagkerfis og hafa verið færð rök fyrir því að tekjuskattur af núverandi lífeyriskerfi muni að óbreyttu eftir um 25-30 ár standa undir útgjöldum íslenska ríkisins vegna aldraðra.

Með vísan í ofangreint lýsa LL sig mótfallin tillögunni.

Virðingarfyllt,
f.h. Landssamtaka lífeyrissjóða

Þórey S. Þorðardóttir, framkvæmdastjóri